

E N G L A N D.

(Fimta kvæði úr „Útlegðarljóðum“ eftir sænska skáldið AUG. STRINDBERG. Þýðingin er hend-
ingalaus og órímuð háttleysa, alveg eins og frumkvæðið).

—o—

Austursólin blikar á björgin hvít
og ég heyrði rödd frá suðri, sem mælti svo
og sagði:

„Bölvun!

Bölvun yfir þig, England,
svo kríthvítstrokið að utan
eins og kalkfaguð gróf,
en að innan svo svart,
svo sótbiksvart
eins og steinkola-ferja
stjóruð niður á milli Norðursjávar og Atlantshafs.

Bölvun yfir þig, grósséra-eyja,
og þína krambúðar-stjórnvizku!

Bölvun yfir þig, Beaconsfield lávarður,
sem í mannúðarinnar og kærleikans nafni
ræktir þína sáttasemjara-köllun
milli Asíu og Evrópu
eins og sannur hestaprangari!

Bölvun yfir þína heilögu kyrkju
og þínar sönnu konur,
þínar sönnu, sokkprjónandi
tevatns-konur!

Bölvun yfir þína Tauchnitz-útgáfu rómana,
trúboðunar-hús þín og frelsunar-heri!“